(eða það höfum vér gert,)
meiri lærdóm, og erum, að miklu leyti,
það sem vér erum, Dönum og dönskum
að þakka. —— ——

— Lærðu dönsku, drengur minn,
og drósin munar blíða.
við það hækkar heiðurinn ~~hugsaldin~~
og heimsmenntunin fríða.

— Sigldu eiginn ára-lung
yfir ránar-grundu;—
einokunar-ólög þung
Íslands grætti lundu.—

— Virtu sjálf, svo varning þinn,
veldu kaupin bestu —
við það hækkar hagurinn,
í huga þér það festu.

— „Sjálfs er höndin hollust", því
heimurinn er slægur.—
Enn að skjálfa skuldum í
skapar endadægur. Ritstj.

---

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.

# Morgunstjarnan.


| 1. ár. | 15. mars 1897. | № 12. |
|---|---|---|


## Hvernig á að leggja vatnsveitslu skurð, þar sem halli er mikill á landinu, til þess að nokkur vissa sé fengin fyrir því, að vatnið ekki grafi undan skurðbökkunum, svo þeir falli niður og skurðurinn verði ónýtur?

Mig rekur ekki minni til, að ég hafi nokkurstaðar séð það hér í sýslunni, að „höfundar" vatnsveitsluskurðanna hafi gjört sér, ofanritaða spurningu og með verkinu reynt að svara henni, og er þá auðvitað, að með lagningu skurðsins

má mjög svo mikið hindra það, að vatnið eyðileggi hann, — máske skömmum tíma eftir að hann er gjörður; hafa margir sýnt mikla framtaksemi í viðhaldi slíkra skurða og jafnvel lagt þá að nýju á nýjum stað, enn þó, þrátt fyrir allan kostnað, ekki komið að tilætluðum notum, þeir menn hafa því að nokkru leyti kastað þeim peningum sínum „í glæ", eydt tíma sínum til lítils annars enn að þreyta sjálfa sig og aðra, og ergt sig yfir að sjá árangursleysi iðju sinnar. — Það leiðir af sjálfu sér, að ekki verður skurður lagður svo, þegar tillit er tekið til hallans, að hann verði ekki dýrari í fyrstu, enn skurður sem lagður er eitthvað „beint af fingrinum", og taki því lengri tíma að fá hann fullgjörðan, sökum fjárskorts, enn það er ólíkt ánægjulegra fyrir bóndann að sjá þetta dýra verk sitt verða að tilætluðum notum, og bera eftir væntum arð, enn hið billegra verk ónýtt og eyðilagt, og — ef til vill — að eins til skemmdar, því ekki er svo sjaldan, að hætta mikla myndast fyrir búpening bænda, við það, að skurðirnir grafast — að því ógleymdu hver landspell getur orðið að því.

Það eru fjórar aðalreglur, sem ég vil taka fram í grein þessari, er varna eiga því að skurðirnir grafist, getur oft staðið svo á, að allar aðferðirnar eigi „vel við" sama skurðinn, og er þá sá parturinn, sem best þykir, við eiga, lagður með þessari eða hinni aðferðinni, getur það oft orðið billegra og betra, enn binda sig fast við eina aðferð.

Nú skal ég með fáum orðum reyna að skýra hverja þessa reglu út af fyrir sig, fyrir lesaranum.

1. — Að leggja skurðinn þannig, að hann liggi í krákum eftir hallendinu, er sér svo margir er þykja þurfa til þess, að straumurinn verði sem minnstur í vatninu; krákurnar eða bugðurnar, mega ekki vera krappar, heldur þannig, að myndist jöfn boglína, svo jöfn, að vatnið kasti hvergi að bökkunum, svo straumur sé í því; væri gott, að taka þannig upp úr skurðinum, að lítið eitt hallaði botninum að þeim skurðbakkanum er að brekkunni snýr, en áríðandi er það, að hreint og vel sé tekið úr botninum, svo hvergi séu smá bungur eða straumkast í honum.

Það er mjög einkennilegt að sjá, hve mjög sumir binda sig við, að hafa allt beint eftir snúrunni, hversu óheppilegt sem það er, og eyði-

leggjing skurðsins sé auðséð fyrirfram; en þessi „reglustryks regla" á sér víðar stað, en með vatnsveitsluskurði, og vil ég benda hér á að eins eitt dæmi, þó ekki eigi það skilt við efri greinarnar þessarar n. l. veginn í Heiðarsporðinum á Ymaraldsheiði, neðan frá eyrum og upp á heiði; það er víst óhætt að segja, að það sé með pörtum „spillt verk", þar hestarnir velja miklu heldur sjálfir ryðja sér krákmeiðinga en „prika" þráðbeint upp á hátoppana á sumum melunum.

2. — Að leggja skurðinn þannig, að hann liggi hér um bil beint eftir hallendinu, en til þess að hindra vatnið frá að grafa hann sundur, eru gjörðar bungur í skurðinn, en fjöldi þeirra fer eftir

því, hve mikill hallinn er. Skurð-
urinn er grafinn dýpstur fyrir
neðan hverja bunu, enn látinn
svo smá grynnka ~~eftir~~ eftir því
sem nálgast þann stað, er fyrir-
hugað hefir verið, að næsta buna skyldi
vera, enn þar skal hann vera að-
eins svo grunnur, að aðeins beri
hann það vatn, er honum er ætlað,
er nú svona haldið áfram skurð-
inn á enda. — Hér liggur mikil
áherzla á því, að vel og vandlega
sé búið um hverja bunu, og til þess
að verkið yrði hið allra-vandleg-
asta, ætti að festa þær með Cementi,
enn þá getur hitt mjög vel dugað, að
gjöra það á sama hátt og almennt
er búið um bunur í „bæjarlækj-
um". Þar næst skal hellu leggja
vel og vandlega botninn í skurð-
inum, neðan undir bununni og

búa um hliðar skurðsins á þeim
parti, svo hátt upp, sem búist verður
við að vatnið stigi. Þessi skurð-
lagning er ómöguleg nema með
halla mælingum, svo í nokkru
lagi fari, og svo með dálitlum
reikning, til þess að vita hvað bun-
urnar þurfa að vera háar, svo
hinn eftir-ækti halli fáist, og skal
ég nú setja hér tvö dæmi og skýra
þau, svo þau verði hverjum skilj-
anleg.

1. dæmi:

Það þarf að leggja 50 faðm. langan
skurð, enn hallinn á landinu er
2 fet á hverjum 100 fetum, enn við
viljum ekki hafa meiri halla í
skurðinum en ½ fet á hverjum 100
fetum. Hvað þurfa bunurnar að
vera háar, ef þær eiga að vera

að eins tveir?

Svar: 2,25 fet (2 1/2 fet) hvorum-
sig. Þetta reiknast þannig:
100 fet – 2 fet – 150 fet sem er
helmingur af skurðlengdinni; út
koma 3 fet. Þá sett upp:
100 f. – 0,5 f. – 150 f. út kemur:
0.75 f. = 3/4 úr feti, sem eru dregin
frá 3 fetunum, afgangur 2,25 fet.

Nú er ekki ætíð svo heppilega
ástatt, að hallinn sé allstaðar jafn,
heldur er hann sumstaðar meiri,
sumstaðar minni, og verður þá
mislangt á milli bunanna. Upp
á þetta, er eftirfylgjandi dæmi:

2. dæmi. Það er skurður, sem er
100 faðm. langur; á fyrstu 30 faðm.
er hallinn 4 fet, á hverjum 100 fet.,
en við viljum hafa hallann 1/4
fet, og 10 faðma milli bunanna.
Á 70 faðm. er hallinn 1/2 fet á
hverjum 100 faðm., en við viljum hafa
hallann hinn sama á þessum parti
skurðsins, sem hinum fyrri, en 30
faðm. milli bunanna. Hvað þurfa
bunur þessar að vera háar?

Svar: 2,25 fet á báðum stöðum.
Þetta reiknast þannig:
100 fet – 4 fet – 180 fet = 7.2 : 3
(bunufjöldanum) = 2,40 – 100 fet –
0,25 fet – 60 fet (bilið milli bunanna)
= 0,15 ÷ 2,40 = 2,25 sem er bunu-
hæðin. Seinni partur dæmisins
er reiknaður á sama hátt, nema
þar er í stað 4 fet. í miðlið sett
1.5 (1 1/2) fet. — — —

3. Þar sem skurðurinn skal leggj-
ast, er grasrótin skorin ofan

af, torfið lagt til hliðar, tekið svo
upp úr flaginu, þar til skurður-
-inn er orðinn nægil. djúpur og
jafn halli fenginn á hann; barm-
arnir látnir flá, svo þetta líkist
dragi á milli „sléttubeða", þar
næst er þakið aftan í dragið með
torfinu sem ofan af var rist, er
svo borinn áburður í dragið og
látið gróa, áður vatn er látið renna
um það. Eins má skera skurð
þenna, sem vanalegt er, og með
vanalegum fláa, eftir að grasrótin
er skorin ofan af, þakið síðan
með torfinu í botninn, enn skurð-
bakkarnir hlaðnir upp með snidd-
um.

Ekki gagnar að hafa þannig
gjörðan skurð, ef vatnið á að
renna stöðugt eftir honum, því

þá ræktar grasið, og skurðurinn
verður þá ekki betri, enn hver
annar „stunginn" skurður.

Þessir skurðir eru sérstaklega
hentugir, ef svo stendur á að veitu-
vatn þarf að leiða í gegnum tún,
svo það náist á engið, því þar þarf
vatn ekki að renna stöðugt eftir
þeim, og annað hitt, að æfinlega
þykir mér það óprýði að sjá skurði
grafna í gegnum tún, og svo eru
það ekki svo lítil grasspjöll og
altaf þessi áhættan, að vatnið grafi
undan bökkunum og myndi jarð-
föll.

4. Ef svo hagar til, að landið
er slétt, er vatnið þarf að leiðast í
gegnum, enn hlaðnir tveir garðar
samhliða (paralellir) og haft á-
líka bil á milli, og hæfileg botn-
breidd í skurði, er auðvitað fer

eftir vatnsmagninu sem skurðum-
inn á að flytja og breiddinni að
ofan. Garðar þessir eru hlaðnir
með 45° halla, sem vanalegir
„flóðgarðar" (uppistöður) og þurfa
ekki hærri enn svo, að rasið beri
vel vatnið. Séu smá dældir í
landið verður að hækka skurðinn
upp, svo hallinn verði jafn, enn
þar sem þýfi er, verður hann ekki
vel notaður, því það yrði dýrt
verk, að slétta fyrst allan skurð-
botninn. — Það er sama að segja
um þenna skurð og No 3, að
hann verður því aðeins notaður,
að vatn renni ekki stöðugt í
honum.

Þar jarðvegurinn á Íslandi
er mest megnis moldblandinn
sandur og leir, er hann mjög óhent-
ugur til skurðagraftar, þar vatn-

inu veitir svo létt að losa upp og
rífa þenna jarðveg með sér, verða
menn því að leggja aðaláherzl-
una á, að hafa strauminn sem
minnstan og jafnastan í skurð-
unum.

Skurðlagningin No 1 er hin
billegasta, af framangreindum
skurðlagningum, enn þó meiri
vandi að gjöra þá skurði vel,
enn þráðbeina skurði, því bugð-
urnar útheimta bæði nákvæmni
og vandvirkni. Aðferðin No 2
er dýr, og ef vel skal vera, dýrust
allra „skurðanna", enn líka, að mínu
áliti, hin varanlegasta og besta.

## Um ræktun kartaflna.

(Framh.) Að velja garðstæði.

Þegar garðstæði skal velja, er
einkum tvennt, sem kemur til

athugunar: a) lega garðsins
og b) garðveginum.
Hvað hinn fyrra viðvíkur, er það
aðalatriðin, að garðurinn liggi í
skjóli fyrir norðan- og norð-austan átt,
en „blasi" svo vel móti suðri og
suðvestri sem hægt er, svo hann
njóti vel sólar, því hitinn er af-
ar þýðingar mikill fyrir kartöfl-
urnar. Þess ber og að gæta, að
garðurinn liggi ekki móti suðaustri,
eða svo, að sólin skíni á hann
við uppkomu sína að morgnin-
um, því sannað er, að þegar frost
hafa verið á nóttu, og kartöflu-
grasið þyðnar við sólarhitann, deyr
það, og uppskeran getur um leið ver-
ið eyðilögð, ef þetta skeður fyrri
part sumars. Um þetta skal farið
nokkrum orðum seinna. – Það er
því bezt að garðurinn liggi

sunnan undir brekkum, í giljum,
í skjóli við hús eða við heitar laug-
ar, ef þær eru til, en verði sáð-
reiturinn að liggja á bersvæði, verður
að girða hann; girðingin verður að
vera miklu hæðst á norðurkant-
inum, og mundi það láta nærri, að
hafa hana 4 áln. á hæð, en aðalt
er nægilegt að hún sé „griphelt".
Garðinn er bezt að hlaða úr torfi;
því sé garðurinn hlaðinn úr
grjóti og ekki „þéttaður" (Cementer-
aður) svarar hann illa tilgangi sín-
um, ~~það~~ því vindar næða svo í
gegnum hann, að lítið skjól verður að
honum fyrir jurtirnar. Það verður
því bezt, að ~~að~~ leggja garðinn úr torfi,
enda er það í flestum tilfellum
handhægast, en þá skal varast
eitt, er mönnum verður almennt
á, og það meina að segja sjálfum

búfrædingunum(!) stundum, en það er, að stinga __ekki__ efnið í garðinn, úr sáðreitunum sjálfum (ɔ: innan garðs) því með því er jörðin svift öllum þeim næringarefnum er hún hafði, og sjaldan að svo mikilli elju og umhyggju sé beitt, sem þarf til þess, að sáðreitinum verði bættur þessi skaði, með nægum og hentugum áburði, og góðri uppstungu og blöndun jarðarinnar; það krefur líka meiri vinnu, að flytja áburð í sáðreitinn í stað þess, sem úr honum er tekin, því sjaldan sparast vinna við það (síst mikil) að taka að taka efnið innangarðs en ekki utan. Þvíin grasvaxdar mold (grasrót) er einhver sá besti áburður sem kartöflur geta fengið, og er þess vegna sjálfsagt að taka líka tillit til þess, þegar garðstæði er valið, hvernig

grasgefinn sá blettur hefur verið, sem á að gera að sáðreiti.

Hvað hinn síðara viðvíkur, má jarðvegurinn helst ekki vera leirmikill – kaldur og þungur jarðvegur, heldur sandur mulda blandinn – léttur og heitur jarðvegur. Að sönnu vaxa kartöflur í hinum fyrrnefnda jarðvegi og geta jafnvel orðið fullt-svo stórar sem í hinum, en þær verða gljúpar, vatnsmiklar og bragðslæmar, en í hinum síðar nefnda jarðvegi, verða þær þéttar og bragðgóðar. – Allur of mikill „raki“ eða „undirgrundsvatn“ er skaðlegur fyrir kartöflurnar, og því hefir reynslan kennt mönnum að hafa sáðreitina í halla, en það er langt frá, að það sé áríðandi að þeir liggi í halla, síst miklum, því hvergi vaxa kartöflur betur, en nær því

á „jafnsléttu" landi. Sé hallinn mikill getur hann að eins orðið til skaða en ekki gagns, því bæði veitir vindi léttara að feykja moldinni burtu og svo ~~[illegible]~~ hitt, að í leysingum á vorin, þegar mikið vatn rennur um sáðreitinn, getur það skolað ýmsum næringarefnum með sér, og með því gjört jarðveginn efra-snauðari uppi í brekkunni en neðar í sáðreitnum, þar sem vatnið stöðvast við girðinguna, eða að minnsta kosti sýnist vöxtur kartaflanna að benda á það stundum.

Sé óhjákvæmilegt að leggja sáðreitinn þar sem vatn er í jörðu, verður að „lokræsa" hann, og losa hann með því móti, við það. Þó lokræsi komi ekki beint við þetta efni, þá finnst mér þó rétt, að skýra hér stuttlega frá þeim.

Lokræsi eru þannig búin til, að einn aðal-skurður er búinn til með vanalegri gjörð, út frá honum eru látnir liggja svo margir auka-skurðir er þurfa þykir. Skurðir þessir eru grafnir 1½ – 2 ál. niður, eða svo djúpt, að vetrar frost ekki nái botni þeirra, í botninum eru þeir hafðir sem mjó renna. Þegar skurðirnir eru fullgerðir, er látið steinlag í botninn, af steinum, á stærð við barnshöfuð, helst hnöttóttum. Á þetta fyrsta steinlag, er látið annað af smágrjóti og síðast jafnað yfir með hellublöðum, unns grjótlagið er orðið 1 – 1½ fet, þá er þakið yfir með torfi, og „ruðningnum" svo mokað

Grundplan af lokræsningu.



afan í, og pappað í fyrsta hægt
með fótunum, enn eftir því sem
hækkar, fastara. Margar fleiri
aðferðir enn við lakræsninguna, enn
þar ég álít þessa eina handhæg-
asta og varanlegasta — get ég henn-
ar hér.

Þess skal geta, að í því landi
sem mikil snarrót vex, má næst-
um ganga að því vísu, að ekki sé vel
valinn sáðreitur, þar jörðin er bæði
súr og köld (leirjarðvegur), enn auð-
vitað má bæta úr því, með því að
flytja sand í hann og lakræsa, —
getur hann þá orðið góður.

Framhald í næsta bl.

## 10 boðorð fyrir foreldra

1. Hælið börnunum ykkar aldrei
þegar ákunnugir eru viðstaddir.

2. Hælið þeim yfir höfuð að tala
ekki of mikið, og aldrei fyrir
„ytri hæfileika".

3. Þegar þið ávítið þau, þá gjörið það
þannig, að þau finni til ástar
ykkar gegnum ávíturnar.

4. Talið aldrei um eiginleika þeirra
svo þau sjálf heyri.

5. Gjörið þau ekki að umtalsefni
við ákunnuga.

6. Hvetjið þau ekki til að hæla sér
fyrir andlega eða líkamlega
hæfileika sína.

7. Ávítið þau aldrei né hegnið
þeim, svo ákunnugir sjái.

8. Kennið þeim, en skipunar, að draga sig í „hlé“ þegar fullorðið fólk talar saman.

9. Talið aldrei illa um aðra svo þau heyri.

10. Kennið þeim að biðja guð iðuglega. Kennið þeim að lesa bæn til hans, áður þau fara að sofa og áður þau fara að klæða sig og áður þau eta þegar þau fara eitthvað burt frá heimilinu. Látið þau hafa guð æfinlega í hjartanu.

## Blönduhlíð

Ó, fögur ertu, fósturjörðin blíða!
með fjöllin há og blómin græna hlíða;
em flestum sveitum fegri
mér finnst hún Blönduhlíð,
og eitthvað yndislegri,
mín æsku vaggan blíð!
Blönduhlíð, blómum sveita ertu;
Blönduhlíð, blessuð jafnan sértu
Blönduhlíð!

— o —

Ég óx upp saklaus í þér, sveitin fríða!
Ég ann þér líka, fagurt blómið hlíða!
Ég man þig meðan hjarni
og minnast é skal þín —
og hvar sem fetin fari —
é fjöllin þrái mín!
Lukkan blíð! leiði seldar gangi;
yndis-tíð að þér hlúi lengi
yndis-tíð.

— o —

Og synir þínir sama stundi prýði.

já, svo þeir jafnan gæði hrós af lýði;
og menntun, dáð og dyggðir,
þeim dafni ætíð hjá; —
ef aðra hrífa hryggðir
þeir huggun sýni þá;
sanna hrós, sé ég það má vinna,
yndis-ljós, eykur himin skína
yndis-ljós.

— o —

Og ég þess líka óska af hjarta blíðu,
að allar skreyti mær og konur fríðu,
hin milda mennt og blíða,
og mesti dyggða-krans, —
svo hrós þær hreppi víða
hér um byggðir lands; —
það er ljós, þungu lífs í stríði,
eiga hrós öllum rétt af lýði
eiga hrós.

— o —

Já mig ei skreyti menntun dýr né sómi,
það mín er gleði, hani sveitar blómi,
þú hrósið hreppir sanna
af höldum Íslands,
á meðan þolir fanna
fjalla skreytir krans. —
Sértu prýdd, svásu dyggða blómi;
sífelt skrýdd, sönnum heiðurs rómi,
sífelt skrýdd.

— o —

Nú er mér horfin æskugrundin fríða,
því angrast brjóst, um þankinn hvarflar (víða
því æsku vinir allir
mér enn horfnir frá; —
við kletta háar hallir
minn hugur stansar þá; —
eg á bú, ei sem mætti gleyma;
börnin trú, best mér fagna heima
börnin trú. —

Gamall Blöndhlíðungur.

# Um hreppskiftingu.

Menn hafa látið reynsluna kenna sér þann sannleika, að ólíkt betra og léttara væri að stjórna í litlum hreppum en í þeim stórum. Líka hafa menn sannfærst um, að hreppsþyngsli og þar af leiðandi vandræði, sé betra að fyrirbyggja og veita bændum mörg léttari og viðfeldari kjör, sé hreppurinn ekki stór.

Félagslegt samheldni er miklu meiri, þar sem hreppurinn er ekki afar-stór: Menn sækja betur fundi og er miklu hægra að fá menn, til samtals, ef þurfa þykir og svo frv.

Þetta eru menn farnir að sjá og reyna og hafa því, nú í seinni tíð, verið að skifta stórum hreppum í tvo minni.

Það er mjög stutt síðan, að Reykjadalshreppur var í Þingeyjarsýslu. Sá hreppur var afar-stór og erviður í öllu tilliti. Íbúar hans, komu sér því saman um, að skifta honum í tvo minni hreppa: Reykdælahrepp (fremri hlutinn), Aðaldælahrepp (nyrðri hlutinn); og hefur oss verið skrifað, þar að austan, að þessi samkomulags-skifting, á hreppnum, hafi verið til mikilla umbóta, fyrir sveitarfélagið, í heild sinni.

Aftur er talsvert öðru vísi ástatt fyrir þeim Ljósvetning-um, í sömu sýslu. Ljósavatns-

hreppum er með lang-stærstu
hreppum landsins: það er
sem sagt, allur Bárdardalur
(fremri hlutinn) og Kalda-
kinn (nyrðri hlutinn); hrepp-
ur þessi nær því framan frá
fjöllum og út að sjó, sem er
sjálfsagt eins löng leið, og
frá Ábæ í Austurdal og út
í Fljót. — Íbúar þessa hrepps,
hafa fyrir mörgum árum síð-
an, séð þessa stóru annmarka,
viðkomandi sveitarfélagi sínu,
og hafa leitast við, að fá hon-
um (hreppnum) skift. En
það gengur nú illa. Eins og
áður er sagt, er fremri hluti
þessa stóra hrepps, Bárðar-
dalur, — þessi fjälskúðuga
yndæla sveit; en nyrðri hlut-

inn er Kaldakinn, sem er
ekki eins góð sveit, þótt hún
hafi mikið til síns ágætis. Þar
búa fleiri fátæklingar — ekki
eins sjálfstæðir menn, sem í
Bárðardal — þ. e. a. s., almennt.
Þessi misjöfnu kjör partanna,
hafa orðið að strandskeri í
skiftingamáli þessa hrepps.
Bárðdælingar vilja halda sínum
hluta óskertum, en Kinn-
ungar þykjast þá afskiftir, sem
er líka satt. — — Oss þykir
gaman að koma hér með afar
litla skrítlu, sem Kinnarmenn
settu í Sveitarblað sitt, hér um
veturinn, máli þessu viðkomandi.
Skrítla þessi ber það með sér,
að Kinnarmenn hafa álitið
Bárðdælinga vilja ráða öllu,

hér að lútandi — viljað hafa,
sem sagt, töglin og hagldirnar.
Skrítlan er þannig:
Bárðardalur segir við Kinn:
„Við skulum koma í spil".
„Já", segir Kinn.
B. „Sláðu þá út".
K. „Eg skal gera það".
B. „Svo gef ég í og drep".

— — — — — —

Það er nokkur ár síðan, að
Akrahreppsmenn hafa látið
í ljósi, að þeim þætti hreppur-
inn of stór og erviður. Hefir
þessu verið hreift hér á mann-
fundum — að því er oss hefir
verið sagt —, en hér komið
fram, sem víða annarstaðar,
deildar skoðanir um, hvar ætti
að skifta hreppnum í sundur,

n.l. á milli hverra bæja.
Sumir vilja skifta hreppnum
um Hrólfsstaðalæk, aðrir um
Miklabæjarlæk og svo frv. —
Það er ekki svo undarlegt,
þótt mönnum, í fyrstu, ekki
geti komið saman um, að skifta
hreppnum (ɔ: hvar hreppamót
skuli vera); því þar að geta
legið margar ástæður. En hitt
er eigi að síður undarlegt, að
um þessu máli hefir einu sinni
verið hreift, að menn þá skulu
ekki hafa það við og við á dag-
skrá og sem áhugamál.
Enginn getur dulist það, hversu
erfitt það er, að stjórna málum,
í þessum stóra hreppi og það
muni standa ekki svo all-lítið
fyrir þrifum sveitarfélagsins.

Eins og kunnugt er, eru hér úr
öllu hófi (ófyrirgefanlega) illa
sóttir fundir og þar af leidandi
*fáir* fundir haldnir. Getur
vel verid, ad þetta stafi af þeim
ördugleikum, ad mörgum þykir
langt ad sækja fundina (þ.e.
a. s. sumum, sem lengst eiga
heima frá fundarstadnum),
en *vér* álítum þad líka mikid
sprottid af *viljaleysi* og *áhuga-
leysi* manna. — Vér játum
þad, ad þar sem hreppsnefndin
á heima, ad miklu leyti, mest
á ödrum enda þessa langa
hrepps, geti vel verid, ad einmitt
þad hafi sína orsök, ad hinn
endi hreppsins, sé daufari til
framkvæmda og verdi ~~eins og~~
ekki eins vakinn til ýmislegs,

hreppsmálum adlútandi; eins þá
med þad ad sækja fundina;
og væri því léttara ad „rádid"
í hreppnum, væri dreifara
um hann.

Enn hvad sem nú þessu síd-
ast nefnda vidkemur — sem ~~er~~
máski ekki rétt hugsad — þá eru
svo margar adliggjandi orsakir
til þess, ad raundsýnlegt virdist,
ad menn hugsudu nákvæmlega
og almennt um, ad skifta þessum
hreppi í tvennt, í tvo minni
hreppa. — Þad er áreidanlegt
ad þessi skifting getur komist
á, ef menn síga í áttina med
þad, og ræda um þad brádlega
og kurteislega, því ekki virdist
svo ördugt med ad skifta þessum
hreppi, ef samkomulag bænda er

ekki því lakara,) í þessu máli.

Heiðruðu sveitamenn! Hugsið nú út í þetta mál að nýju, og látið ekki aðgerðaleysið eitt, því verða að strandi —, því þið sannið það, að á meðan að hreppurinn er jafn-afarstór, og hann nú er (sem tekur á móti fjórum hreppum að vestan (Vatna), að lengdinni til), getur aldrei orðið eins gott skipulag í honum og æskilegt væri, hversu vel sem stjórnendur hans vilja því vinna honum í hag. —

Að svo mæltu, óskum vér öllum bændum og búaliðum, hreppsins, allra heilla og að vellíðan, samheldni, friður og framtakssemi, verði máttarstólpar þessa sveitarfélags, sem allt annað, byggist á.

Ritstjórinn.

# Gáta

(Sem innibindur í sér tólf karlmannsnöfn).

---

Einn er þar sem eldur logar (Ketill).
Annar býr í þiljum vogar (Björn).
Þriðji veldur ýtum und (Oddur).
Fjórði er úr flagi skorinn (Torfi).
Fimmti heim úr kletti borinn (Steinn).
Sjötti trúa sér ber lund (Sigtryggur).
Er sjöundi aldrei heima (Gestur).
Áttundi má falinn geyma (Hjalti).
Níundi kom norðri frá (Kári).
Er tíundi allur þveginn (Hreinn).
Ellefti úr loga sleginn (Eldjárn).
Tólfti fjöllum efst á (Jökull).

---

— Gáta þessi er sögð sunnlenzk. Ritstjórinn.

# Merkilegur atburdur.

Mjög merkilegur atburdur átti sér stad 21. febr. í fyrra (1896) í Ohlau í Schlesíu. — Læknir nokkur, dr. Lichwits ad nafni tók o.l. silfurdal, úr manni einum, sem hafdi særst í stríðinu vid Gravelotte. Madur þessi, sem nú er „sendibodi" hjá dómstól einum, var særdur 18. ág. af kúlu (sama ár), sem fór í gegnum peningabuddu hans, gegnum lifrina og inn í hrygginn, og festist þar. Ádur, löngu fyr, höfdu læknarnir, tekid koparskilding út úr sárinu enn nú, eftir 25 ára tímabil, kom dalurinn fram í endaþarmi mannsins. — Blödin segja þetta vera áreidanlega satt. 4.

---

Ritstjóri: Baldvin Benjamínsson.


# Morgunstjarnan.

| 1. ár. | 22. mars 1897. | № 13. |
|---|---|---|


## Um ræktun kartaflna.

(Frhald). Undirbúningur jardarinnar undir sáningu, áburdur og reitamörkun.

Haustid ádur enn sá skal í sádreitinn, er naudsynlegt ad stinga hann upp, er þad bædi til þess, ad losa jardveginn í sundur og til þess, ad greida loftinu adgang ad honum, enn vid þad leysast efni jardvegsins og áburdarins upp, myndast vid þad ýms steinaefni, sem enn mjög þýdingar-